



Reykjavík, 6. júlí 2020

## Niðurstaða athugunar á gæðum TRS II skýrslna

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Kviku banka hf., Íslenskum verðbréfum hf. og Arion banka hf. haustið 2019. Niðurstaða lá fyrir í janúar 2020.

Markmiðið með vettvangsathuguninni var að gera úttekt á gæðum skýrslna vegna fjármálagerninga, en fjármálafyrirtækjum er skylt að skila slíkum skýrslum til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 30. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.). Í slíkum skýrslum eiga að koma fram upplýsingar um öll verðbréfavíðskipti sem fjármálafyrirtæki framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerninga sem tengjast þeim, sbr. fyrrgreint lagaákvæði og 3. gr. reglugerðar nr. 191/2008 um tilkynningar um víðskipti skv. 30. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Um efni slíkra skýrslna er kveðið nánar á um í áður nefndri reglugerð og reglugerð nr. 994/2007, sem innleiðir í íslenskan rétt framkvæmdareglugerð (EB) nr. 1287/2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (MiFID I) að því er varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um víðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerninga til víðskipta o.fl.

### Kvika banki

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði eftirlitið athugasemdir við eftirfarandi annmarka hjá Kviku banka:

- Tímastimpill tilkynntra víðskipta var ekki í samræmi við tímastimpil víðskipta í Kauphöll Íslands og tímastimplar tilkynntra afleiðuvíðskipta voru ekki nógu nákvæmir. Framkvæmd Kviku banka í þessum tilvikum samræmist því ekki reglugerð nr. 994/2007.
- Þá voru ekki öll tilkynningaskyld víðskipti tilkynnt til eftirlitsins til samræmis við 30. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn skili aðgerðaáætlun þar sem fram komi til hvaða aðgerða bankinn muni grípa til að tryggja að tilkynningar berist á tilsettum tíma og með réttu efni og hvernig brugðist verði við frávikum.

### Íslensk verðbréf

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði eftirlitið athugasemdir við eftirfarandi annmarka hjá Íslenskum verðbréfum:

- Tímastimpill tilkynntra víðskipta var ekki í samræmi við tímastimpil víðskipta í Kauphöll Íslands, í tilkynntum víðskiptum var rangur víðskiptamaður skráður fyrir víðskiptum og í nokkrum tilvikum kom sama færsla fyrir oftast en einu sinni í innsendum skýrslum. Framkvæmd Íslenskra verðbréfa í þessum tilvikum samræmist því ekki reglugerð nr. 994/2007.



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- Þá voru ekki öll tilkynningaskyld viðskipti tilkynnt til eftirlitsins til samræmis við 30. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að félagið skili aðgerðaáætlun þar sem fram komi til hvaða aðgerða félagið muni grípa til að tryggja að tilkynningar berist á tilsettum tíma og hvernig brugðist verði við frávikum.

### **Arion banki**

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athuginina gerði eftirlitið athugasemd við eftirfarandi annmarka hjá Arion banka:

- Tilkynningar um viðskipti voru í einhverjum tilfellum sendar Fjármálaeftirlitinu of seint miðað við tilkynningarskyldu 30. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn skili aðgerðaáætlun þar sem fram komi til hvaða aðgerða bankinn muni grípa til að tryggja að tilkynningar berist á tilsettum tíma og hvernig brugðist verði við frávikum.